

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Klettahlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felst í því að svæði ofan við Klettahlíð og vestan við Breiðumörk sem skilgreint er sem íbúðarsvæði breytist í svæði með blandaðri landnotkun (stofnana- og athafna-svæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*